

2.6 *Gaskútar undir própan, bútan og annað fljótandi jarðolíugas.*

Própan, bútan eða fljótandi jarðolíugas (LPG, liquid petroleum gas) og blöndur þeirra skulu að öllu jöfnu flokkast í samræmi við fylgiskjal 1 og reglur um flokkun efnablandna. Þrátt fyrir að sum þessara efna séu flokkuð sem hættuleg í snertingu við húð, inntöku eða innöndun er ekki skylt að merkja þau sem slík ef þau eru markaðssett sem eldsneyti í lokuðum fjölnota gaskútum eða einnota brúsum, sbr. EN²⁾ 417. Kútar þessir skulu merktir með viðeigandi varnaðarmerki og hættu- og varnaðarsetningum sem varða eldfimi. Ef upplýsingar um áhrif á heilsu koma ekki fram á merkimiða skulu þær upplýsingar þó fylgja efnunum til fagmanna í öryggisleiðbeiningum. Almennum notendum skulu veittar fullnægjandi upplýsingar á merkimiða eða í öryggisleiðbeiningum til að þeir geti gert viðeigandi varúðarráðstafanir varðandi heilsu og öryggi.

2.7 *Gegnheilir málmar, málmblendi og efnablöndur sem innihalda fjölliður eða elastómer.*

Gegnheilir málmar, málmblendi, efnablöndur sem innihalda fjölliður og efnablöndur sem innihalda elastómer (teygjanleg, gúmmíkennd gerviefni) skulu að öllu jöfnu flokkast í samræmi við fylgiskjal 1 og reglur um flokkun efnablandna. Sum þessara efna hafa ekki í för með sér hættu fyrir heilsu manna, við innöndun, við inntöku eða í snertingu við húð né heldur fyrir lífríki í vatni á því formi sem þau eru markaðssett. Fyrir slík efni er ekki krafist merkimiða í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Ef upplýsingar um áhrif á heilsu eða umhverfi koma ekki fram á merkimiða skulu þær upplýsingar þó fylgja efnunum til fagmanna í öryggisleiðbeiningum. Almennum notendum skulu veittar fullnægjandi upplýsingar á merkimiða eða í öryggisleiðbeiningum til að þeir geti gert viðeigandi varúðarráðstafanir varðandi heilsu og öryggi.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag við Álfatún 2 í Kópavogi.

Á fundi bæjarstjórnar 20. júlí 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Álfatún 2 ásamt umsögn bæjaryfirvalda um framkomnar athugasemdir dags. 9. júlí 1999. Í tillögunni felst m.a. að gert er ráð fyrir nýrri afmörkun lóðar, nýrri aðkomu og fyrirkomulagi bílastæða fyrir fyrirhugaðan leikskóla.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 12. apríl til 14. maí 1999 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 9. nóvember 1999.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

²⁾ EN: European Standard – Evrópskur staðall.